LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Gunnar Bragi Sveinsson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

14. júní 2016

Efni: Tillaga LS að heildarafla fiskveiðiárið 2016 / 2017

Landssamband smábátaeigenda hefur haft til skoðunar skýrslu Hafrannsókna-stofnunar um aflahorfur fiskveiðiárið 2016 / 2017, sem kynnt var 9. júní sl.

Eins og venja er byggjast tillögur LS á upplýsingum úr skýrslu stofnunarinnar um nytjastofna sjávar og upplýsingum frá félagsmönnum undanfarin ár.

Tillögur LS ná til 7 tegunda og eru eftirfarandi:

	Tillögur LS	Tillaga HAFRÓ 2016/2017	FRÁVIK LS og Hafró
Þorskur	***273 þús tonn***	244.000	12%
Ýsa	***45.000 tonn***	34.600	30%
Ufsi	***60.000 tonn***	55.000	9%
Steinbítur	***9.000 tonn***	8.811	2%
Langa	***13.000 tonn***	9.343	39%
Keila	***4.200 tonn***	3.780	11%
Skötuselur		711	
Grásleppa		2.030	

Hitastig sjávar

Miklar breytingar eiga sér stað í hafinu varðandi hitastig hvort sem viðmiðunin er frá ári til árs eða hún nái til nokkurra áratuga.

Á helstu uppeldisstöðvum þorsks hér við SV-horn landsins er sjór hlýrri en hann var í fyrra og er nær því að nálgast hitastigið frá maí 2014. Þá er áberandi hvað hitastig sjávar er hærra annars staðar á landinu. T.d. hefur kaldur sjór færst mun fjær

Norðurlandi og kuldatunga við NA-hornið nánast komin út í hafsauga. Þróunin á sl. þremur árum er því sú að sjór hér við land er nú hlýrri en hann var árið 2014.

Myndir sem hér fylgja og teknar eru úr skýrslum Hafrannsóknastofnunar staðfesta þetta. Smábátaeigendur eru á einu máli um að þessi umbreyting hafi leitt til breyttra skilyrða á ýmsum sviðum. Helsti nytjastofn þeirra, þorskurinn, hefur stækkað hraðar en á árunum 2010 – 2014. Hann hefur því þarfnast meira ætis eins og staðfest var í haustralli Hafrannsóknastofnunar á síðasta ári.

Auk samanburðarmyndanna í maí 2014, 2015 og 2016 er hér birt mynd frá Hafrannsóknastofnun sem sýnir frávik í hitastigi maí 2015 og 2016 frá 30 ára meðaltali 1981 – 2010. Myndin sýnir að hitastig sjávar á svæðunum fyrir sunnan og vestan við landið er við meðaltal, en útifyrir Vestfjörðum, fyrir norðan land og suður með Austurlandi er hann hlýrri en að meðaltali á þessu þriggja áratuga tímabili.



1. mynd. Hiti á 50 metra dýpi í maí 2014.



Hiti á 50 metra dýpi í maí 2015



Hiti á 50 metra dýpi í maí 2016





LS vill koma því hér á framfæri að fengur er í þeirri nýbreytni hjá Hafrannsóknastofnun að í skýrslunni sé sérstakur umhverfiskafli.

Þorskur - leyfilegur heildarafli verði 273 þúsund tonn.

Engum þeirra fjölmörgu sjómanna, sem yrkja Íslandsmið, blandast hugur um að þorskur er nú í meira magni en á síðasta áratug 20. aldar. Sjómenn merkja slíkt best á aflabrögðum, góður afli fæst í öll veiðarfæri. Meðfylgjandi mynd, sem tekin er úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar 2015, um þorskafla á sóknareiningu staðfestir þeirra upplifun. Það er miður að sams konar mynd er ekki að finna í 2016 skýrslunni, en þar segir á bls. 30 sem staðfestir framangreint:

„Afli á sóknareiningu helstu veiðarfæra var hár árið 2015“

Myndin sýnir að afli á línu hefur að jafnaði verið 50% meiri en hann var á fyrstu árum viðmiðunartímabilsins og langtum meiri í botnvörpu, eða um 150%.



Myndin sýnir hlutfallslegar breytingar á afla á sóknareiningu eftir veiðarfærum

Undanfarin ár hefur Landssamband smábátaeigenda hvatt til meiri þorskveiði en tillögur Hafró hafa boðað. Tillögur LS hafa verið á hógværum nótum og nú er einungis 12% milli þeirra og Hafrannsóknastofnunar.

Því miður hefur félagið ekki fengið þau viðbrögð sem það hefur talið sig eiga skilið. Einkum hefur því verið borið við að stjórnvöld væru bundin af aflareglu og eðlilegt væri að notast við bestu fáanlegu þekkingu við ákvörðun um heildarafla, en þar er átt við upplýsingar frá sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar.

LS er þeirrar skoðunar að þekking sjómanna eigi að vega inn í ákvörðun ráðherra og ítrekar hana hér með. LS hefur í því skyni ekki legið á liði sínu að koma á framfæri sjónarmiðum félagsmanna eins vel rökstuddum og kostur er. Sérstaklega er þetta ítrekað hér þar sem aflaregla hefur nýlega verið samþykkt óbreytt. Sjá nánar

athugasemdir LS við aflareglu[1] og grein formanns LS „Endurskoðun aflareglu í þorski“[2].

Skemmst er frá því að segja að stjórnvöld höfnuðu kröfu LS að í aflareglunni væri innbyggður sveigjanleiki þannig að hægt væri að taka tillit til sjónarmiða sjómanna.

Landssamband smábátaeigenda telur það hafa verið stór mistök og ítrekar fyrri kröfur sínar þar sem stjórnvöld eru hvött til að endurskoða gildandi aflareglu. Hér er um gríðarlega hagsmuni að ræða. Þorskurinn trónir yfir aðrar tegundir í aflaverðmætum og er undirstaða sjávarútvegs á Íslandi. Það er í raun óskiljanlegt að stjórnvöld hafi samþykkt aflareglu þar sem ekki er hægt að bregðast við sjónarmiðum sjómanna og treysta þannig enn frekar að varkárni sé gætt við veiðar og nýtingu þorskstofnsins.

LS óskar sérstaklega eftir því við hæstvirtan ráðherra að hann leggi mat á eftirtalin atriði áður en hann tekur ákvörðun um heildarafla í þorski fyrir fiskveiðiárið 2016/2017.

a. Hrygningarstofn mælist nú 469 þús. tonn sem er 14% lægra en í fyrra og 29% minni en gert var ráð fyrir – 660 þús. tonn.



Svar Hafró er eftirfarandi: *Meðalþyngd eftir aldri yngri aldurshópa í hrygningar-stofni hefur lækkað aðeins en mestu máli skiptir hér að hlutfall kynþroska í hverjum aldursflokki mældist nokkuð lægra í stofnmælingunni nú samanborið við vorið 2015.*

[1] Fylgiskjal nr 1

[2] Fylgiskjal nr 2

b. Frá og með árinu 2007 hefur veiðistofn verið í örum vexti. Hann mælist nú 1.243 þús. tonn sem er 9% minna en gert var ráð fyrir í fyrra. Veiðistofn hefur ekki mælst stærri sl. 36 ár – 1980. Það ár voru veidd 434 þús. tonn af þorski.



Svar Hafrannsóknastofnunar:

Meðalþyngd eftir aldri í stofnmælingu í mars hefur verið vaxandi frá árinu 2007, eftir að hafa verið í lágmarki á árunum 2001-2007. Í vor mældist lækkun hjá 5 ára fiski og yngri (árgangar frá 2011), mest hjá 5 ára og skiptir sú lækkun mestu máli varðandi lækkun áætlaðrar stofnstærðar 2016. Þessi lækkun kom einnig fram í stofnmælingu að hausti 2015 þá 4 ára þorskur (2011 árgangurinn). Því miður höfum við ekki skýringu á þessari lækkun. Meira var af loðnu í þorskmögum hjá þorski minni en 80 cm en undanfarin ár í stofnmælingunni í mars og magn fæðu í mögum í haustralli 2015 var síst minna en undanfarin ár. Ekki liggja fyrir niðurstöður úr fæðurannsóknum úr afla frá 2015.

Svör Hafrannsóknastofnunar[3] sem hér hefur verið vitnað til eru við bréfi LS til stofnunarinnar dags. 10. júní sl. Þar óskaði LS svara við fjórum spurningum:

1. Hvaða ástæður telur stofnunin vera fyrir því að 3 – 9 ára þorskar mælast léttari en gert var ráð fyrir?
2. Hefur Hafrannsóknastofnun í hyggju að bregðast við með einhverjum hætti til að auka æti þorksins, t.d. með því að draga stórlega úr veiðum á loðnu?
3. Hvað hefði veiðistofn þorsks verið stór ef eingöngu væri tekið mið af meðalþyngd í afla hvers árs en ekki þyngd 3-9 ára í stofnmælingu (togararalli)?
4. Hverjar telur stofnunin ástæður þess að hrygningarstofn minnkar milli ára?

[3] Sjá fylgiskjal

Af svörum að dæma má ætla að það óvænta og óútskýranlega þyngdartap hafi leitt til þess að ráðlagður heildarafli er 25 þúsund tonnum lægri en hann hefði orðið ef meðalþyngd hefði ekki lækkað. Þar sem þyngdartapið kemur sjómönnum ekki síður en starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar í opna skjöldu fer LS þess á leit við ráðherra að hann óski eftir sérstakri athugun á vormælingunni þar sem leitað verði skýringa á orsökunum.

c. Samkvæmt töflu 2.1.2 í ástandsskýrslunni 2015 spáði Hafrannsóknastofnun því að ef farið yrði að aflareglu og veidd 239 þús. tonn yrði hrygningarstofn 660 þús. tonn og veiðistofn 1.371 þús. tonn.

	2016		
Aflamark *TAC*	Viðm. stofn B_{4+}	Hrygn. stofn *SSB*	$F^{1)}$
239	1371	660	0.26

Það sem nú blasir við í nýútkominni skýrslu Hafrannsóknastofnunar er:

2016		
Áætl. afli *Estim. catch*	Viðm. stofn *Ref. biomass*	Hrygn. stofn *SSB*
246	1241	464

M.ö.o. hrygningarstofn er nú tæpum 30% minni og veiðistofn hefur lækkað um 130 þús tonn. Á sama tíma í fyrra var þessu hins vegar þveröfugt farið þegar áform Hafrannsóknastofnunar um minni veiðistofn og hrygningarstofn gengu ekki eftir. Munurinn var þá niðurávið um 131 þús. tonn í veiðistofni og 24% á hrygningarstofni.

Öll árin var farið eftir tillögum stofnunarinnar og vel það þ.s. veiðihlutfall var lægra en 20%.

2016:		Veiðistofn	Hrygningarstofn
Skýrslur sýna	2014	1.220 þús tonn	477 þús tonn
	2015	1.371 þús. tonn	660 þús. tonn
	2016	1.241 þús. tonn	464 þús. tonn

Það er áhyggjuefni hversu lítið er hægt að reiða sig á áætlanir Hafrannsókna-stofnunar þegar litið er til þessara sveiflna hvað viðkemur stærð hrygningar- og veiðistofns. LS leggur áherslu á að óskað verði eftir skýringum frá stofnuninni hvað þetta varðar.

d. Hlutfall þess sem veitt hefur verið ár hvert úr veiðistofninum hefur á undanförnum fimm árum verið 18,8%. Verði hins vegar farið eftir tillögum LS um 273 þús. tonn mun veiðihlutfallið verða nokkru hærra. LS minnir á að inneign er svo sannarlega fyrir slíkri veiði, þ.s. bakreikningar sýna að alls 68 þús. tonn vantar upp á að veiði sl. 5 ára hafi skilað 20% af veiðistofni. Tillaga LS byggir á að helmingur þess, 34 þús. tonn, verði bætt við ráðlagðan hámarksafla Hafrannsóknastofnunar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.

Þessu til viðbótar styður það einnig tillögu LS að ef miðað væri við meðal-þyngd þorsks í lönduðum afla 2015 væri viðmiðunarstofn þorsks 1.365 þúsund tonn og 20% veiðihlutfall gæfi 273 þúsund tonn.

Skýrsla 2016	Afli*	Veiði-stofn**	Veiði-hlutfall
2011	171	911	19%
2012	*196*	1.042	19%
2013	*223*	1.169	19%
2014	221	*1.175*	19%
2015	230	*1.254*	18%

* Þorskafli innan landhelgi í þús. tonna

** Nytjastofnar sjávar 2015/2016 Nr. 185 í þús. tonna

Ýsa – tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 45 þúsund tonn.

Almennt er viðurkennt að lélegir árgangar skila sér hlutfallslega betur inn sem veiðistofn heldur en stórir árgangar. Það er í samræmi við ábendingar LS sem byggt hefur á niðurstöðum úr haustralli og reynslu sjómanna. Vöxtur yngstu árganganna hefur verið meiri en búast mátti við. Af þeim sökum fer LS fram á að mælingar úr haustralli fái aukið vægi við útreikning á aflaráðgjöf.

Það er skoðun LS að stofnunin hafi vanmetið stærð ýsustofnsins og 20% aukning á sl. ári verið lagfæring enda vart tilefni til ef marka má veiðar umfram ráðgjöf árin á undan. Þar var farið mun hægar í sakirnar heldur en LS taldi æskilegt.

Það er mat LS að ástand ýsustofnsins gefi ekki tilefni til skerðingar um 4,9% eins og Hafrannsóknastofnun leggur til. LS telur að ljósi góðs árgangs 2014 sem skilar sér inn í veiðina 2017/2018 eigi heildarafli að verða 45 þús. tonn.

Almennt hafa ýsuveiðar gengið vel á grunnslóð og mun meira orðið vart við smærri fisk heldur en undanfarin ár. Vegna þessa er nauðsynlegt að skoða hvort breytt útbreiðsla ýsunnar hafi haft óeðlileg áhrif á gildi mælinga úr vorralli.

LS ítrekar þá skoðun sína að haustrall fái hærra vægi þegar tillaga um hámarksafla er gerð.

Aðspurðir urðu smábátaeigendur varir við slaka í ýsugengd 2010 en frá fiskveiðiárinu sem hófst 1. september 2011 hefur ýsuveiði gengið afar vel og virðist hún því aftur í sókn.

Bent skal á að togararallið nær aðeins að litlu leyti inn á þá slóð sem smábátar veiða ýsu.

Að lokum ítrekar LS áhyggjur sínar á veiðum dragnótabáta og togara við Suðurland, telur að þær séu varhugaverðar og beinir því til yðar að færa þær fjær landi.

Ennfremur mótmælir LS harðlega breytingum sem gerðar voru á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands 2014 sem hafa leitt til aukins ágangs á viðkvæmum hrygningar- og uppeldisstöðvum.

Ufsi – tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 60 þúsund tonn.

Smábátaeigendur eru sammála því að ufsinn sé í jafnvægi og ekki þörf á miklum breytingum á heildarafla. Rétt er að benda á að þetta gæti þó breyst mjög fljótt þar sem ufsi er flökkufiskur og því erfitt að byggja ráðgjöf á mælingum eins og Hafrannsóknastofnun leggur til grundvallar. Að undanförnu hefur stærri skipum veist erfitt að eiga við ufsann og ekki náð að fullnýta veiðiheimildir.

Steinbítur – tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 9.000 tonn.

Tillagan er nánast óbreytt frá því í fyrra.

Veiðar á steinbít hafa gengið vel útifyrir Vestfjörðum. Útbreiðsla er mikil og gamlar veiðislóðir gefa áfram góðan afla.

Sjómenn eru sammála Hafrannsóknastofnun um að stækkun friðunarsvæðisins er byrjað að skila árangri. Auk vaxandi afla og útbreiðslu er nú aftur orðið vart við smærri steinbítinn, þ.e. að nýliðun hefur batnað.

LS ítrekar þá skoðun að banna eigi beina sókn í steinbít með dregnum veiðarfærum. Þá hvetur LS til að friðunarsvæði á Látragrunni verði stækkuð þannig að steinbítur á hrygningarslóð verði friðaður yfir hrygningar- og klaktíma.

Langa - tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 13 þúsund tonn.

Á síðasta ári varaði LS mjög eindregið við að ráðherra færi að tillögum Hafró um aukningu á heildarafla í löngu. Ráðherra var hvattur til að heimila 14 þús. tonna veiði í stað 16.200 tonn.

Ástæður þessa voru að sjómenn tóku eftir að mjög hafði dregið úr afla á löngu og aflinn að mestu byggst smærri fiski. Þá var greinilegt að útbreiðslan hafði einnig minnkað og veiðin færst á færri svæði.

Hafrannsóknastofnun leggur nú til að heildarafli verði 9.343 tonn eða 42,3% minni en stofnunin lagði til að veitt yrði á yfirstandandi fiskveiðiári. LS telur þrátt fyrir enn meiri samdrátt í aflanum að hér sé of langt gengið.

Tillaga LS: Heildarafli á komandi fiskveiðiári verði 13 þús. tonn.

Keila - tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 4.200 tonn.

Sjómenn sem haft hefur verið samband við telja að hægt hafi á vexti keilunnar og því rétt að fara varlega.

Skötuselur

Grásleppusjómenn verða nú nánast ekkert varir við skötusel miðað við árin 2010 og 2011.

LS hefur áður látið þá skoðun í ljós að skötuselur sem veiðist sem meðafli við grásleppuveiðar reiknist ekki til aflamarks, krafa um slíkt er hér með ítrekuð. Skötuselurinn er yfirleitt fullur af rauðmaga og oft eru tæjur af grásleppu sem hann ælir útúr sér þegar hann veiðist. Eftir hrygningu syndir grásleppan aftur út en rauðmaginn, vegna vöktunarhlutverks, tekst á við skötuselinn og endar því oft í gini hans. Nauðsynlegt er að veiða selinn á grásleppumiðunum og má kvótaleysi viðkomandi ekki koma í veg fyrir það.

LS telur að óvænt niðursveifla í rauðmaga skýrist að miklu leyti á skyndilegri viðveru skötusels á hrognkelsamiðum. Það er miður að ekki hafi verið tekið tillit til varnaðarorða félagsins sl. ár varðandi veiðar á skötusel.

Smábátaeigendur sem gera út á skötusel eru sammála um að innreið skötusels á Íslandsmið sé að fjara út.

Grásleppa

Veiðifyrirkomulag og sókn verði með sama hætti og undanfarna áratugi.

Vegna markaðsaðstæðna mælti LS með að fjöldi veiðidaga á yfirstandandi vertíð yrðu 26 í stað 32 sem ákveðið var. Það sem af er vertíð hefur veiði á hverja sóknareiningu aukist á öllum veiðisvæðum nema á austurhluta landsins frá Raufarhöfn og suður úr.

Grásleppusjómenn eru sammála um að ástand grásleppustofnsins sé gott.

Virðingarfyllst

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri